

# Afreksverk!

## BÆKUR

SÖLVI  
SVEINSSON



Fræðirit

Með verkum handanna: Íslenskur refilsaumur fyrri alda ★★★★★

Eftir Elsu E. Guðjónsson.  
Ritstjóri: Lilja Árnadóttir. Aðstoð við ritstjórn: Möður Árnason.  
Þjóðminjasafn Íslands, 2023. Innb., 416 bls. Formálar eftir ritstjóra og þjóðminjavörð. Myndir, skrár, enskur útdráttur.

Elsa E. Guðjónsson (1924–2010) var afkastamikill og vandvirkur fræðimaður. Þessi bók er endapunktur á ævistarfi eftir viðamikla rannsókn á refilsaumi í meira en hálfa öld. Í heimildaskrá má glögglega sjá að hún var ekki einhöm á



starfsferli sínum; 61 titill er þar skráður á nafn hennar, flestir tengdir textílum, vefnaði og búningasögu. Elsa hófst handa við frágang

þessa rits árið 2006, en entist ekki aldur til að ljúka verkinu.

Lilja Árnadóttir gekk frá því til prentunar með aðstoð Marðar Árnasonar og hafa þau skilað sínu með sóma. Prófarkalestur er einstaklega vandaður, uppsetning meginmáls í tvo dálka á hverri síðu í stóru broti fer vel og býður upp á margvíslegt samspil máls og mynda sem eru 280 og framúrskarandi vel fram reiddar fyrir augu lesenda, fylgt úr hlaði með nákvæmum texta sem er bæði á íslensku og ensku. Nokkuð ítarlegur útdráttur á ensku fylgir hverjum kafla, enda er bókin grundvallarrit í textílrannsóknnum og einnig ætluð erlendum markaði. Í lok hvers kafla eru tilvísanir í heimildir, athugasemdir og bendingar á ítarefni. Þjóðminjasafnið sýnir verkum Elsu verðugan sóma með þessari fallegu útgáfu á 160 ára afmæli sínu. Bókin er gerð úr garði með því frelsi að fremra bókarspjald og kjölur leika laus frá bandinu þannig að lesmálið opnast auðveldlega þegar síðum er flett á borði eða í kjöltu. Á spjöldin er þrykk mynd af reflí frá Hvammi í Dölum, einstökum safngrip. Með verkum handanna er einkar fallegur prentgripur og safninu til sóma; Sigrún Sigvaldadóttir hannaði heimanbúnað ritsins.

Meginefni bókar er greinargerð fyrir 15 klæðum með refilsaumi, 13 frá miðöldum, tveimur frá 17. öld. Tíu þeirra eru altarisklæði, en að auki leifar af af reflí, altarisbrún og borða á altarisvæng. Frá 17. öld eru andlitsmynd af Þorláki Skúlasoni biskupi og hökulkross. Nú þessara verka eru á Þjóðminjasafni Íslands, fjögur á danska þjóðminjasafninu, eitt í Louvre og annað í Enscedé í Hollandi. Öll þessi klæði eru nú á einkar áhugaverðri sýningu í Þjóðminjasafni Íslands og þar er einnig margvíslegan fróðleik að finna á upplýsingakeflum. Lesendur ættu endilega að líta þar inn. Þessi saumur er einstakur á veraldarvísu.

„Íslensku refilsaumuðu altarisklæðin eru saumuð helgimyndum, sjö þeirra stakstæðum myndum, einni eða fleiri, en þrjú myndaflokkum þar sem sagðar eru ævi- og helgisögur dýrlinga“ (43). Elsa hóf að rannsaka þennan listaum 1954. Í inngangskafli gerir hún grein fyrir ýmsum hugtökum, hannyrðum yfirleitt, hlutverki nunnuklaustra og biskupsstóla í framleiðslu kirkjutextíla svo farið sé á grunnu vaði yfir efnið. Víkið er að þeim efnunum sem notuð voru við sauminn og mismunandi saum-



Ljósmynd/Þjóðminjasafn Íslands/Ívar Brynjólfsson

Refilsaumur Hér getur að líta mynd af dýrlingum á altarisklæði frá Draflastöðum, frá 1525-1550. Bók Elsu er ríkulega myndskreytt með 280 myndum.



Ljósmynd/Þjóðminjasafn Íslands/Ívar Brynjólfsson

Biskup Elsa hefur „opnað allar dyr til að endurskoða listasöguna,“ segir rýnir. Þorlákur Skúlason biskup á Hólum, á mynd frá miðbiki 17. aldar.

gerðum; góðar teikningar styðja þar textann. Ekki kemur á óvart að ullargarn var mest notað, en einnig innflutt línargarn og í litlum mæli málmþræðir. Ýmist var unnið í ullarefni eða hörlérefi; nú af klæðunum 15 eru saumuð í língrunn-

Sýnt er að listakonurnar hafa víða leitað fanga um fyrirmyndir og að sama skapi má sjá hliðstæða útfærslu í málmgrefti, tréskurði og lýsingum handrita. Listakonurnar höfðu opinn glugga til meginlandsins og þær voru handgengnar inn-

lendum menntum. Þetta lék þeim beinlínis í höndum! Allt vekur þetta spurningar um listasöguna. Morgunljóst virðist að textílar hafa ekki setið þar í háum söðli og ekki hefur verið gert mikið úr hlut kvenna. Þær eru ósýnilegar í ritheimildum nema þær standi í stórræðum eða fjórráðum. Ósjálfrátt minnst það á viðtökur karla þegar gefnar voru út ljóðabækur kvenna síðar á öldum. Tjöld í kirkjum og í hlylum manna, sem víða eru nefnd í ritheimildum, hljóta að hafa verið skreytt með útsaumi eða ívafi, væntanlega heimslegum myndum, en tíminn hefur leift skörðu. Nunnurnar í Kirkjubæjarklaustri ráku stórbú, klaustrið átti mörg hundruð fjár (kannski þúsund eftir sauðburð?). Þær voru þekktar fyrir hannyrðir sínar og listasaum. Líklega hafa nunnurnar á Reynistað látið rýja eitthvað færri ásaudi.

Við upphaf meginmáls er þessi lýsing: „Kaflarnir fimmtán um einstök klæði ... eru samkvæmt eðli máls hver með sínum hætti. Um hvert klæði er þó fjallað í þeirri röð að fyrst er rætt um feril þess, síðan um uppdrátt að þó því, þá rýnt í gerð klæðisins, því næst kemur umfjöllun um sérstöðu klæðisins og líkindi þess við aðra gripi, og að lokum er gerð grein fyrir því sem kunnugt er eða álykta má um aldur þess“ (61). Þetta er hryggjarstykkíð í verkinu og ekkert er fullyrt nema með gildum rökum, líkindi eru rakin milli stykkja, vísað í bækur og handrit til stuðnings, bæði erlend og innlend.

Þessar málsemdir verða ekki raktar í stuttu máli. Allt er fléttá af stökustu nákvæmni og varúð þegar kemur að ályktunum. Ekki er annað hægt en dást að þeirri

fjölþættu yfirsýn sem Elsa hefur á myndefni miðalda, ekki bara hér heima heldur ekki síður á meginlandinu. Sérstakur kafla er um innbyrðis samanburð klæðanna og erlendar hliðstæður.

Undir bókarlok er greinargerð Árnýjar Erlu Sveinbjörnsdóttur og Jans Heinemeiers fyrir tæknilegri aldursgreiningu klæðanna og fer hún býsna nærri skoðunum Elsu.

Nú verður hver að lesa fyrir sig, en fullyrða má að hér skín sólin á verk kvenna sem sátu og saumuðu listaverk í rökkri miðalda guði sínum til dýrðar og höfðu veður af meginlandsvindum og innlendri hefð. Elsa E. Guðjónsson hefur nú hafið þær á stall við hæfi og um leið opnað allar dyr til að endurskoða listasöguna.

## LAUSNIR BÓKAPRAUTARINNAR

- Síða 6  
1: Ból  
Steinunn Sigvörðadóttir  
2: Borg hinna dauðu  
Stefan Manni  
Síða 22  
3: Högni  
Ándur Jónsdóttir  
4: Þj Bambi  
Ándur Áva Ólafsdóttir  
5: Land næturinnar  
Vilborg Davídsdóttir  
Síða 26  
6: Duff  
Bergþóra Sneibjörnsdóttir  
7: Heimsmeistari  
Einar Karason  
8: Stolt  
Margrét Tryggvadóttir